Ár 1976, þriðjudaginn 11. maí, var í málinu nr. 3/1976 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**úrskurður:**

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna var tunnugeymsla Síldarútvegsnefndar á Langatanga á Seyðisfirði metin á kr. 1.860.000,-. Með bréfi Síldarútvegsnefndar frá 29. september 1975 til fasteignamats ríkisins, var farið þess á leit af hálfu nefndarinnar, að fasteignamat tunnugeymslunnar yrði endurskoðað. Eftir að málið hafði verið sent millimatsmönnum á Seyðisfirði, ákvað fasteignamat ríkisins að lækka matsverð tunnugeymslunnar úr kr. 1.860.000,- í kr. 504.840,- og var Síldarútvegsnefnd tilkynnt ákvörðunin í bréfi hinn 11. febrúar 1976. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði hefur kært þessa lækkun til Yfirfasteignamatsnefndar í bréfi frá 8. marz 1976. Er sú kæra nánar rökstudd í bréfinu.

Í samræmi við fyrirvara af hálfu Yfirfasteignamatsnefndar við staðfestingu aðalmats fasteigna á árinu 1971, fór fram samræmingarmat á fasteignum síldarsöltunarstöðva og síldarbræðslna á Austur- og Norðurlandi. Var niðurstaða þess birt í árslok 1973, sem aðalmat þessara eigna. Umrætt samræmingarmat hefði átt að ná til tunnugeymslu þeirrar, sem í málinu greinir, en af einhverjum ástæðum, fórst það fyrir. Voru því skilyrði til að taka mannvirki þetta til endurmats til samræmis við sambærilegar eignir. Samkvæmt þessu, eru ekki rök til að hnekkja niðurstöðu fasteignamats ríkisins í máli þessu.

Samkvæmt núgildandi lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu, lögum nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu, 22.- 23. gr., sbr. 16. gr., hafa sveitarfélög ekki almenna heimild til að kæra fasteignamat. Ber því að vísa kæru þessari frá.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Vísað er frá ofangreindri kæru Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 8. marz 1976.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson                Magnús Thoroddsen